

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 66. gr., sbr. 11. og 12. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun)
í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999.**

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1999.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 113/1989 um sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

<i>Sorphirðugjöld</i>	<i>Sorphreinsun</i>	<i>Urðun á heimilis-úrgangi</i>	<i>Gámavöllur, grófurðun og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>
Íbúðarhús	6.615	1.385	5.500	13.500
Fyrirtæki, meðaltal	9.317	5.187	5.500	20.004
Sumarhús	1.659	1.213	2.750	5.622

Kostnaði vegna gámavallar, grófurðunar og endurvinnslu er jafnað á alla greiðendur sorphirðugjalda, þó þannig að eigendur sumarhúsa greiða hálf gald. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi úrgangs eins og hér segir:

<i>Sorphreinsun</i>	
Pokar	122,50 kr./losun
Tunnur	100,00 kr./losun
Plastgámar	250,00 kr./losun
<i>Flutningur og urðun</i>	285 kr./m ³
<i>Gámavöllur, grófurðun o.fl.</i>	5.500 kr./ein.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 571/1994 um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.